

í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Þó skuli félagsmenn allir greiða jafnt til félagsins, á meðan arðskrá hefur ekki verið gerð.

Slík gjöld endurgreiðist síðar, þannig að hlutur hvers verður samkvæmt arðskránni.

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 6. maí 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Kúðaflljóts.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Kúðaflljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Kúðaflljóti, Tungufljóti, og fiskgenga hluta Hólmsár og öllum fiskgengum ám og lækjum, sem í vatnasvæðið falla,

þar með taldar Eldvatnsskvislar að Skaftá. Jarðirnar eru: Leiðvöllur, Undirhraun I, Undirhraun II, Rofabær I, Rofabær II, Sandasel, Sandar, Mýrar, Jórvík I, Jórvík II, Skálmarbær, Holt, Herjólfssstaðir I, Herjólfssstaðir II, Hrífunes, Flaga I, Flaga II, Hemra, Snæbýli I, Snæbýli II, Ljótastaðir, Ásar, Ytri-Ásar, Múli, Svínadalur, Hlíð, Úthlíð, Austurhlíð, Gröf, Borgarfell, Hvammur, Búland, og eyðibýlin Búlandssel og Svartinúpur.

### 3. gr.

Verkefni félagsins er, að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Kjósa skal fjóra varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að tveir varamenn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið, og hinir hitt árið. Í stjórn félagsins skal eiga sæti að minnsta kosti einn maður úr hverjum hrepp á félagssvæðinu.

### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

### 6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

### 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksár. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

### 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

### 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 6. maí 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*